

Nd.

49. Framvarp

til laga um friðun lunda.

Flutningsm.: Pjetur Þórðarson.

1. gr.

Lundi skal friðaður frá 20. júní til 10. ágúst.

2. gr.

Um sektir og málarekstur út af brotum gegn lögum þessum fer eftir lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin fyrri málsgrein c-liðs 3. gr. laga nr. 59, 10. nóv. 1913.

Greinargerð:

Samkvæmt eldri friðunarlögum og síðast lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, er lundri friðaður frá 10. maí til 20. júní, eða að eins frá því hann byrjar að verpa og þangað til útungun byrjar. Það er því orðin venja að veiða lunda sem mest um þann tíma, sem hann klekur upp ungum sínum eftir að þeir skríða úr eggjum, eða um þann tíma, sem nefndur er í 1. gr. frumv. Fuglinn er drepinn frá ungunum og þeir svelta til bana í hreiðrum sínum.

Þegar kemur fram undir miðjan ágúst eru ungarnir venjulega fleygir og geta þá bjargað sér, þótt fullorðni fuglinn væri þá veiddur.

Með frumvarpinu er friðunartíminn lengdur um 10 daga og honum breytt þannig, að bannað er að drepa fuglinn frá ungum sínum ósjálfbjarga, og þarf breytingin þó ekki að brjóta í bág við hagsmuni veiðieigenda.

Lítið eitt frekari greinargerð mun koma í framsögu málsins.